



Unglingadrykkja minnkar mikið

Evrópska vímuefnarannsóknin ESPAD, sem unnin er að tilstuðlan Evrópuráðsins og Upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins um vímuefni (EMCDDA), nær til 15–16 ára unglunga í flestum löndum Evrópu á fjögurra ára fresti. Á Íslandi tóku um 81% allra skólanema á þessum aldri þátt í ESPAD rannsókninni vorið 2011.


Samkvæmt niðurstöðum ESPAD 2011 hefur áfengisneysla 15–16 ára unglunga á Íslandi minnkað mikið á síðustu sextán árum. Árið 1995 höfðu 64% unglunga á þessum aldri orðið drukknir um ævina en árið 2011 var það hlutfall komið í 24%. Með sama hætti höfðu 56% drukkið áfengi á síðustu 30 dögum árið 1995 og 36% höfðu drukkið fimm drykki eða fleiri í röð á sama dagafjölda. Árið 2011 var hlutfall þeirra sem höfðu drukkið síðustu 30 daga komið niður í 18% og 14% höfðu drukkið fimm drykki eða fleiri í röð á síðustu 30 dögum. **Þrír af hverjum fjórum 15–16 ára unglungum höfðu því aldrei orðið drukknir vorið 2011 og nærri fimm af hverjum sex höfðu ekkert drukkið síðastliðinn mánuð.**



Hlutfall nemenda í 10. bekk sem neytt hafa áfengis




Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja mjög erfitt eða útilokað að verða sér úti um mismunandi tegundir áfengis ef þau vildu



Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja mjög auðvelt að verða sér úti um mismunandi tegundir áfengis ef þau vildu


Aðgengi 15–16 ára unglunga að áfengi mælist jafnframt mun minna en áður, en unglingar hafa meiri aðgang að bjór en öðrum tegundum áfengis. Árið töldu 59% unglunganna að það væri mjög auðvelt að verða sér úti bjór ef þau vildu en 3% að það væri mjög erfitt eða útilokað. Vorið 2011 töldu hins vegar 16% að það væri erfitt eða útilokað en 29% að það væri mjög auðvelt. **Á sextán ára tímabili hefur því aðgengi unglunga að áfengi breyst frá því að sex af hverjum tíu telji það mjög auðvelt að verða sér úti um bjór niður í þrjá af hverjum tíu.**



Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja mikla hættu á því að fólk skaði sig á því að drekka áfengi í mismiklu magni

Þrátt fyrir minnkandi áfengisneyslu unglunga eru viðhorf þeirra til skaðsemi áfengisneyslu almennt heldur jákvæðari en áður. Árið 1995 taldi þannig 82% unglunganna það vera mjög hættulegt að drekka 4–5 áfenga drykki á hverjum degi og réttur helmingur taldi það einnig eiga við um 1–2 áfenga drykki á dag. Sextán árum síðar hafði hlutfall þeirra sem töldu mikla hættu af því að drekka 4–5 drykki á dag lækkað í 69% og í 39% hvað 1–2 drykki á dag varðaði. Helsta undantekningin er sú að unglingar gera nú minni mun en áður á mikilli daglegri áfengisneyslu og mikilli neyslu um helgar. Árið 1995 töldu þannig 37% mjög

hættulegt að drekka 5 eða fleiri áfenga drykki um hverja helgi samanborið við 49% árið 2011. **Viðhorf unglinga til daglegrar áfengisdrykkju eru því jákvæðari en þau voru fyrir sextán árum en viðhorf til mikillar áfengisneyslu um helgar eru hlutfallslega neikvæðari en áður.**



Hlutfall 15–16 ára unglinga sem höfðu orðið sér úti um áfengi með mismunandi hætti vorið 2011

Algengast er að unglingar verði sér úti um áfengi án endurgjalds í kunningjahópi en um 40% allra íslenskra unglinga á aldrinum 15–16 ára höfðu fengið áfengi gefins hjá vinum eða kunningjum. Um fimmtungur hópsins hafði fengið einhvern annan til að kaupa fyrir sig áfengi og álíka stór hópur hafði tekið áfengi heima hjá sér án vitneskju foreldra sinna. Kaup á heimabruggi voru fátíðari en þó hafði 15% hópsins orðið sér úti um slíkt áfengi. Sjaldgæft er að unglingar á þessum aldri kaupi sjálfir áfengi í vínbúð (3%), smyglað áfengi (5%) eða að foreldrar kaupi áfengi fyrir börn sín (5%).

Miklar breytingar hafa orðið á áfengisneyslu íslenskra unglinga á síðustu sextán árum. Árið 1995 neytti meirihluti nemenda í 10. bekk áfengis en árið 2011 var um minnihlutahóp að ræða. Aðgengi nemenda að áfengi hefur minnkað en viðhorf þeirra til daglegrar áfengisneyslu hafa mildast.

European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs – ESPAD

Evrópska vímuefnarannsóknin ESPAD nær til 15-16 ára unglunga í flestum löndum Evrópu á fjögurra ára fresti. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um neyslu unglunga á áfengi, tóbaki og ólöglegum vímuefnum og byggir Evrópusambandið til dæmis mat sitt á breytingum á vímuefnaneyslu unglunga í Evrópu að mestu leyti á niðurstöðum ESPAD. Rannsóknin hófst árið 1995 og fór fimmta umferð hennar fram vorið 2011. ESPAD rannsóknin er unnin að tilstuðlan Evrópuráðsins og Upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins um vímuefnamál. Stjórnandi alþjóðlegu rannsóknarinnar er Björn Hibell forstjóri Centralförbundet för alkohol- och narkotikaupplysning í Stokkhólmi en í einstökum löndum annast sjálfstæðir hópar rannsóknarmanna við háskólastofnanir söfnun og úrvinnslu gagna. Alþjóðlegar skýrslur verkefnanna eru að jafnaði gefnar út átján mánuðum eftir fyrirlögn og samhliða því sérstakar skýrslur um stöðu íslenskra unglunga í alþjóðlegu ljósi. Alþjóðlegar niðurstöður ESPAD 1995–2007 eru aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins (www.espad.org) en alþjóðlegur samanburður ársins 2011 mun birtast árið 2012.

Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri

Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri sér um framkvæmd og úrvinnslu ESPAD rannsóknarinnar á Íslandi, en setrið hefur jafnframt umsjón með alþjóðlega rannsóknaverkefninu Health Behaviours in School Aged Children (HBSC) sem unnið er á vegum WHO. Ísland hefur átt aðild að ESPAD verkefninu frá upphafi og tekið þátt í öllum fimm umferðum verkefnisins. Alþjóðlegur gagnabanki ESPAD er jafnframt starfræktur á vegum Rannsóknaseturs forvarna í samstarfi við alþjóðlegu verkefnisstjórnina í Stokkhólmi. Gagnabankinn geymir upplýsingar um breytingar á vímuefnaneyslu evrópskra unglunga frá 1995 til 2011 og þá þætti sem skýrt geta mun á þróun mála milli einstakra landa og svæða innan Evrópu. Fjöldi fræðimanna víðsvegar um Evrópu vinnur nú að úrvinnslu þessara gagna og hafa niðurstöður þeirra birst í helstu fræðitímaritum á þessu sviði á alþjóðavettvangi.

Þóroddur Bjarnason prófessor við Háskólann á Akureyri hefur stýrt íslenska hluta ESPAD frá árinu 1995 og situr jafnframt í framkvæmdastjórn alþjóðlega verkefnisins. Hann veitir allar frekari upplýsingar um niðurstöður ESPAD, í tölvupósti thorodd@unak.is eða í síma 661 6099.